

Dómarafélag Íslands  
Skógarhlíð 6  
Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P/113/183  
komudagur 11/12 1990

Reykjavík, 05. desember 1990.

Efni: Umsögn Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um skipti á dánarbúum o. fl.

Vísað er til bréfs yðar dags. 20. nóvember sl. Frumvarp þetta var til kynningar á dómaráþingi sem haldið var þann 1. og 2. október sl. Stjórn félagsins hafði þá haft drög að frumvarpinu til athugunar um tíma.

Frumvarpið er sniðið að þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir á dómstólaskipan landsins með gildistöku laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Meginmarkmið frumvarpsins er að flytja frá dómstólunum verkefni til sýslumanna sem ekki teljast dómstörf í eðli sínu. Þar að auki er gert ráð fyrir ýmsum öðrum breytingum á skiptameðferð dánarbúa sem ekki tengist því verkefni beinlínis.

Samkvæmt núgildandi lögum um skipti dánarbúa félagsbúa o. fl. nr. 3/1878 eru öll dánarbú formlega til opinberra skipta frá andláti en einkaskipti kunna síðan að vera heimiluð. Samkvæmt frumvarpinu er þessu öðruvísi fyrir komið. Aðalreglan þar er einkaskipti dánarbúa en ráðgert að opinber skipti verði aðeins viðhöfð eftir kröfu og samkvæmt úrskurði héraðsdóms. Þessi breyting er ein helsta formbreyting um meðferð skipta dánarbúa sem fram kemur í frumvarpinu. Opinberum skiptum dánarbúa mun vafalítið fækka verulega við þessa breytingu.

Þá munu skiptastjórar sem héraðsdómur skipar sjá um framkvæmd skipta dánarbúa sem koma til opinberrar skiptameðferðar og er meðferðin að því leyti til samræmd skiptameðferð gjaldþrotabúa. Ágreining sem upp kann að koma við skiptin verður að bera undir héraðsdóm. Þetta fyrirkomulag mun létta verulega á dómstólunum og leiða til sparnaðar á því sviði.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um verklagsreglur sýslumanna. Í raun er verið að lögfasta verkfyrirkomulag sem viðgengist hefur og er til bóta. Í 4. þætti eru sérreglur um opinber skipti á öðru en dánarbúum. Ber þar sérstaklega að nefna ákvæði um skipti til fjárlita milli hjóna o. fl. Þar eru m. a. settar reglur um atriði sem vantað hefur fyrir mæli um í lögum en um hafa mótast framkvæmdareglur. Brýnt er orðið að lögfasta mörg þeirra atriða.


Í XVII. kafla eru ákvæði um málsmeðferð fyrir héraðsdómi. Þar eru nánari fyrir mæli um meðferð þessara mála. Þar sem um frávík er að ræða frá ákvæðum einkamálalaga um

stefnur og efni þeirra þykir nauðsynlegt að kveða á um slíka meðferð svo sem gert er í 127. gr. frumvarpsins.


Í heild má segja að samkvæmt frumvarpinu sé öll skiptameðferð gerð einfaldari og greiðari og skrifinnnska minnkuð til muna. Frumvarp þetta er vönduð lagasmíð að mati stjórnar Dómarafélags Íslands og mælir hún með að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst.

Fyrir hönd stjórnar Dómarafélags Íslands,



Valtýr Sigurðsson formaður



Steingrímur Gautur Kristjánsson ritari

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis  
b.t. Þórðar Bogasonar, nefndarritara  
Alþingishúsinu við Austurvöll 150, Reykjavík